

# Sólveig formaður Félags almennra lækna

„Við erum stærsti hópur starfandi lækna á Íslandi. Það er breyting tilkomin vegna eflingar sérnámsins. Fólk hefur tækifæri til að vinna hér lengur,“ segir Sólveig Bjarnadóttir, nýr formaður FAL

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Sólveig Bjarnadóttir, formaður Félags almennra lækna, segir sérnámið hafa fjölgað félagsmönnum. Sérnám hér á landi hafi jákvæð áhrif á vinnuumhverfið. Mynd/gag

„Við finnum að fólk vill leggja áherslu á fjölskylduvænni vinnu. Það verðmetur frítímamann sinn hærra en áður. Yngri lækna eru ekki spenntir fyrir löngum vöktum og við viljum gera vinnutímann eðlilegri og fjölskylduvænni. Það er sama krafa og við sjáum í samfélaginu,“ segir Sólveig Bjarnadóttir sem í maí tók við formennsku í Félagi almennra lækna, FAL, af Þórdísi Þorkelsdóttur. Þórdís situr enn í stjórn félagsins.

Sólveig segir sérnámið ásamt kjaramálum stærstu áherslum félagsins en kjaraviðræður hefjist aftur eftir áramót. „Mér finnst vera hugur í fólki hvað kjaramálin varðar.“

Sólveig hefur setið í stjórn LÍ frá 2022. Hún segir það hafa verið hvatningu til að sækjast eftir formennskunni, enda stjórnin kröftug og öflug. „Hópurinn er samstíga og þar er góður andi. Við hlustum vel á sjónarmið hvers annars.“ Hún segir sérnámsmál hafa ráðið ferðinni í starfsemi félags almennra lækna að undanförunni enda hafi þeim sem sérmennta sig hér á landi fjölgað hratt.

„Undanfarin ár hefur mikilli vinnu verið varið í að byggja upp öflugt sérnám á Íslandi. Það hefur skilað sér í því að fólk kys að vinna hér lengur og í sumum greinum er hægt að klára fullt sérnám á Íslandi. Það er meira af reyndum sérnámslæknum sem hefur jákvæð áhrif á vinnuumhverfið og er í raun auka þrep í læknamönnun á heilbrigðisstofnunum,“ segir hún.

„Síðustu ár hefur verið unnið að reglugerð um sérnámsgrunn, sérnám og

veitingu sérfræðileysis til lækna. Þetta er gríðarlega mikilvægt og við fögnum því að fá nýjan og bætta lagaramma,“ segir hún. Þessi þróun hafi nú leitt af sér að FAL sé orðið stærsta aðildarfélagið innan LÍ.

Sólveig segir stjórn FAL hafa áhyggjur af óhóflegu álagi í heilbrigðiskerfinu. Almennir lækna vilji geta viðhaldið gæðum þjónustunnar. „Við keppum að því að veita góða heilbrigðisþjónustu og á þeim faglegu forsendum sem við viljum þannig að við og sjúklingarnir séum sátt við hana,“ segir hún.

„Það eru hins vegar brotalamir í kerfinu og við höfum horft á fólk fara í kulnun og höfum áhyggjur af því, ekki aðeins hjá almennum læknum heldur allri læknaþéttinni.“ Hún bindur vonir við að hægt sé að taka á vandamálinu.

„Til þess þurfa bæði stjórnendur heilbrigðisstofnana og stjórnvöld að koma að málinu. Þetta snýr að framtíðarmönnun heilbrigðiskerfisins og er á þeim skala að það þarf inngríp úr stjórnkerfinu til að leysa það.“

## Breytingar í ritstjórn Læknablaðsins

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir hjartalæknir hefur ákveðið að víkja úr ritstjórn Læknablaðsins eftir 5 ára setu. Fyrir hönd Læknablaðsins eru henni þökkuð vel unnin störf og fær hún bestu óskir um góðan framgang í framtíðarstörfum sínum. Sæmundur Rögnvaldsson sérnámslæknir í lyflækningum á Landspítala kemur nú inn í ritstjórn. Samhliða læknanámi við Háskóla Íslands hóf Sæmundur doktorsnám og hefur skilað afar ríku vísindastarfi og tók þátt í að byggja upp hið merka vísindaverkefni leitt af Sigurði Yngva Kristinssyni: *Blóð-*

*skimun til bjargar*. Innan þess verkefnis var efni doktorsritgerðar Sæmundar sem hann varði árið 2022 og ber heitið: *Monoclonal gammopathy of what significance?: Overcoming the methodological limitations of studying an asymptomatic precursor disorder*. Sæmundur hefur einnig reynslu af kennslu í læknadeild fyrir og eftir útskrift, meðal annars faraldursfræði, líffræðilegri tölfræði og frumulíffræði. Í dag ber hann ábyrgð á



Sæmundur Rögnvaldsson.

BS-kúrs læknanema. Hann hefur verið meðleiðbeinandi í vísindaverkefnum nokkurra læknanema og birt fjölda ágrípa á erlendum vísindaráðstefnum og vísindagreinum í virtum erlendum vísindaritum auk þess að hafa hlotið verðlaun bæði erlendis og hérlandis. Auk alls þessa hefur Sæmundur verið afar virkur í félagsstörfum og slegið í gegn á fjölda árs hátíða Læknafélags Íslands enda mikill tónlistarmaður og húmoristi.

## Doctor Victor semur stef fyrir hlaðvarp Læknablaðsins

„Við læknar heyrum einkennandi hljóð, eins og í mónitor, hjartslátt, dagsdaglega í vinnunni. Mig langaði að koma því inn í lagið: þessu læknaelementi,“ segir Victor Guðmundsson læknir og tónlistarmaður þekktur sem Doctor Victor þegar hann lýsir stefinu sem hann samdi fyrir Læknavarpið, hlaðvarp Læknablaðsins. Fyrstu þættirnir eru komnir á Spotify.

Victor samdi með fleirum lag Vetrarólympíuleikanna í Kína 2022, gerði Galið gott með Páli Óskari sem sló í gegn í sumar, spilaði á stóra sviðinu á Þjóðhátíð og nú þetta einkennandi stef Læknavarpsins fyrir Læknablaðið.

Victor segir að hann hafi haft allskonar hugmyndir fyrir stefið. „Þá hef ég



píanóbakgrunn og varð að hafa það með. Nú svo er ég kominn í elektróníska tónlist. Ég vildi koma þessu öllu saman en á sama tíma gera stef sem er spennandi og grípandi – segir að áhugavert viðtal sé að fara í gang. Láta það fanga stemninguna.“

Læknavarpinu, hlaðvarpi Læknablaðsins, hefur nú verið breytt. Áður var það unnið úr hljóðbútum úr blaðaviðtölunum sem tekin voru á síma en nú hefur ferlinu verið snúið við. Hlaðvörpin eru tekin upp í hljóðveri og textar fyrir blaðið unnir úr hágæða upptökum. Nýja stefið gerir svo blaðinu kleift að stíga öruggum

*Victor Guðmundsson læknir, Doctor Victor, kom fram með hlustunarpípuna um hálsinn á Þjóðhátíð nú í ágúst og er hér á stóra sviðinu fyrir framan tughúsunDIR gesta.*

skrefum inn á þennan ört vaxandi hlaðvarpsmarkað.

Lesendur Læknablaðsins geta sótt hlaðvörpin sem fyrr á vef blaðsins, Soundcloud og nú einnig Spotify og iTunes. Læknavarpið hefur nú einnig fengið bakhjarl í samheita- og líftæknilýfjafyrirtækinu Teva.

## Geta tekið 11.000 manns á nýja Heilsugæslu Höfða á Suðurnesjum

Alls höfðu 1100 skráð sig á nýja starfsstöð heilsugæslunnar Höfða á Suðurnesjum fimm dögum frá opnun. Þórarinn Ingólfsson, yfirlæknir heilsugæslunnar Höfða Suðurnesjum, segir stöðina búna til að taka við allt að 11 þúsund skjólstæðingum



Fjórtán læknastofur bíða fólksins í 1150 fermetra húsnæði við Aðaltorg, næst við Courtyard by Marriott-hótelið í Keflavík. Fyrst um sinn eru fjórar í notkun enda læknarnir nú fjórir: Þórarinn sjálfur, Elín Óla Klemenzdóttir, Oddur Þórir Þórarinsson og Villhjálmur Pálmason hafa hafið þar störf. Einnig fjórir hjúkrunarfræðingar, ljósmóðir og starfsfólk.

„Við leitum lækna og reiknum með því að þurfa að bæta við okkur strax upp úr áramótum,“ segir hann. „Það er erfitt að fá lækna enda alþjóðlegur

læknaskortur. Það skiptir því máli að bjóða upp á starfsumhverfi og kjör sem fólki hugnast.“

Þórarinn segir um 6000 Suðurnesjamennt af 31.000 sækja heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, þar af 1-2000 á Heilsugæslunni Höfða. „Við finnum að það fólk sækir hingað. Það þekkir okkur og við mætum mikilli jákvæðni. Margt þeirra hefur beðið eftir okkur.“

Þórarinn segir að forsvarsmenn Höfða hafi stökkið til þegar auglýst

*Bergljót Kvaran fagstjóri hjúkrunar, Þórarinn Ingólfsson yfirlæknir og Gunnar Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Heilsugæslunnar Höfða á Suðurnesjum fyrir utan nýju heilsugæsluna í Keflavík. Mynd/VFpke*

var eftir rekstraraðila heilsugæslu á Suðurnesjum. „Við erum þeirrar skoðunar að heilsugæsla eigi að vera eins og í nágrennalöndunum, einkarekin með þjónustusamninga. Við töldum að við hefðum borð fyrir báru að spreyta okkur á þessu verkefni.“